

Alþingi  
Erindi nr. P 130/544  
komudagur 8.12.2003



LANDSSAMBAND  
ÍSLENSKRA  
ÚTVEGSMANNA

Bergartúni 35  
105 Reykjavík  
Sími: 591 0300  
Fax: 591 0301  
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 6.12.2003.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Þskj. 5 – 5. mál.

Við höfum fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu sem flutt er af Guðjóni A. Kristjánssyni og Jóhanni Ársælssyni.

Af lestri greinargerðar með þingsályktunartillögunni er að ljóst að um mikinn misskilning á því lagaumhverfi sem þar er gert að umfjöllunarefni er að ræða, auk þess sem hún er full af rangfærslum.

Við leggjumst alfarið gegn samþykkt tillögunnar og þar sem tillaga sama efnis hefur áður verið flutt án þess að fá framgang treystum við því að sama gerist nú. Við sjáum því ekki á þessu stigi ástæðu til að fjalla um einstök efnisatriði tillögunnar. Við viljum þó benda þingmönnum á eftirfarandi ummæli norska sjávarútvegsráðherrans sem birtust á vefritinu skip.is fyrir nokkru: “Ég hef komið inn í verslanir þar sem fiskborðin eru 30 metra löng og það er enginn norskur fiskur í hillunum. Hins vegar er þar jafnan gott framboð af góðum fiski frá Íslandi. Ég hef spurt verslunarmennina hverju þetta sætti og svarið sem ég hef fengið er einfaldlega það að þeir séu með viðskiptavinum sem kaupa fisk 364 daga á ári og því þýði ekki að treysta á fyrirtæki sem aðeins geti útvegað hann í einn eða tvo mánuði á ári, segir Svein Ludvigsen.”

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson